

Ísafjarðarbær
Gísli Halldór Halldórsson
Stjórnýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Ísafjarðarbær	
MÓTTÉKJU	
26. jan. 2018	
Málsnr.	2017-05-0072
Frumrit - skilist til skjalasafns	

Reykjavík, 24. janúar 2018

Tilvísun: 201712011 / 5.1


**Efni: Allt að 700 tonna eldi á þorski og regnbogasilungi Hábrúnar
í Skutulsfirði - beiðni um umsögn**

Hábrún ehf hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttokin 22. janúar 2018, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Ísafjarðarbær gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Ísafjarðarbær telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 12. febrúar 2018 og einnig á tölvupóstföngin: skipulag@skipulag.is og omar@skipulag.is.



Ómar Ingþórsson

Umsagnaraðilar: Ísafjarðarbær, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Matvaelastofnun, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofa og Umhverfisstofnun.